

Ed.

539. Breytingartillögur

[213. mál]

við frv. til laga um náttúruvernd.

Frá Birni Jónssyni og Steingrими Hermannssyni.

1. Við 4. gr. 2. lið. Við upptalningu bætist: Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Félag íslenskra arkitekta.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kys Náttúruverndarþing, og skulu tveir þeirra vera líffræðingar og tveir verkfræðingar, en kosning tveggja er óbundin. Kosningarrétt við kjör Náttúruverndarráðs hafa allir þeir, sem Náttúruverndarþing skipa, að undanskildum þeim, sem taldir eru í 5. og 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.
3. Við 13. gr. 2. mgr. orðist svo:
Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengi ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.
4. Við 24. gr. 2. málslíður orðist svo:
Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins.